

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Laufskálum 2
850 Hella



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 14. apríl 2014
Tilvísun: UST20140300055/bs

Deiliskipulag - Tillaga - Meiri - Tunga 3. Umsögn


Vísað er til bréfs Skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra dags. 6. mars sl. þar sem ósakað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda deiliskipulagstillögu.


Umrætt deiliskipulag tekur til nýrrar íbúðarhúsaloðar, einnar lóðar fyrir sambyggt fjárhús og hesthús, þriggja lóða fyrir frístundahús, lóðar fyrir fjós og lóðar fyrir vélaskemmu.

Hér er verið að staðsetja frístundahús inn í hefðbundið landbúnaðarsvæði. Stofnunin telur að fremur ætti að staðsetja húsin í þyrpingum líkt og algengt er á sveitabæjum í stað þess að raða húsunum í röð meðfram þjóðveginum, sem minnir frekar á götummynd í þéttbýli.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda deiliskipulagstillögu. Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
sérfræðingur


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur